

Föstudaginn 3. nóvember 1995 kl. 14:15

63. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 32/1995

**Kvörtun Jöfurs hf. vegna framkvæmdar útboðs Ríkiskaupa
nr. 10092 til kaupa á vegheflum fyrir Vegagerð ríkisins.**

I.

Erindið

Með bréfi, dags. 9. maí 1995, lýsir Sif Konráðsdóttir hdl., f.h. Jöfurs hf., þeirri skoðun umbjóðanda síns að viðskiptahættir Ríkiskaupa í útboði nr. 10092 fyrir Vegagerð ríkisins hafi brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga og er „*máls-meðferð Ríkiskaupa vegna ofangreinds útboðsmáls hér með borin undir Samkeppnisráð í samræmi við samkeppnislög og þess krafist að ráðið beiti úrræðum skv. lögumum gagnvart Ríkiskaupum*“.

Samkeppnisstofnun óskaði með bréfi, dags. 27. júní sl., eftir umsögn Ríkiskaupa um ofangreint erindi og barst bréflengt svar, dags. 7. júlí. sl. Með bréfi, dags. 10. ágúst sl., var lögmanni Jöfurs hf. gefinn kostur á að tjá sig um umsögn Ríkiskaupa. Jafnframt var þess óskað að sett yrði fram nánari skilgreining á þeim úrræðum sem krafist var að beitt yrði í málinu og farið fram á að kröfugerðin væri studd með vísan til ákvæða samkeppnislaga. Umsögn lögmanns Jöfurs hf. barst með bréfi, dags. 31. ágúst sl.

Í erindi lögmanns Jöfurs hf. kemur fram að félagið kærði málsmeðferð Ríkiskaupa í máli þessu til fjármálaráðuneytisins með bréfi, dags. 14. október 1994. Fjármálaráðuneytið taldi á grundvelli 29. gr. laga nr. 63/1970 að þar sem tilboð annars bjóðanda hafði verið samþykkt væri því ekki heimilt að taka kvörtunina til umfjöllunar. Í kjölfar þessa sendi Jöfur hf. þann 22. mars 1995 kvörtun til umboðsmanns Alþingis. Umboðsmaður ákvað að taka að svo stöddu aðeins efnislega til umfjöllunar þá ákvörðun fjármálaráðuneytisins að hafna að fjalla um kæru Jöfurs hf. vegna málsmeðferðarinnar, en benti félaginu á að bera málið undir Samkeppnisráð.

II.

Málavextir og lagarök

1.

Lögmaður Jöfurs hf. lýsir málavöxtum og sjónarmiðum sínum með eftirfarandi hætti:

„Í júnímánuði 1994 óskuðu Ríkiskaup fyrir hönd Vegagerðar ríkisins eftir tilboðum í allt að fimm veghefla eða eins og sagði í lið 1.3. á bls. 3 í útboðsgögnum: „Um er að ræða 4 til 6 veghefla á bilinu 14 til 18 tonn skv. frekari lýsingu.“ Sérstaklega var tekið fram að kaupandi áskildi sér rétt til að kaupa ekki öll tækin frá sama aðila. Umbjóðandi minn, umboðsaðili FIAT-HITACHI sendi inn tilboð og bauð veghefla af gerðinni FIAT-HITACHI FG85Am, sem eru 14,55 tonn og FIAT-HITACHI FG105A, sem eru 16,05 tonn. Ríkiskaup og Vegagerðin tóku ákvörðun um að kaupa fjóra veghefla af gerðinni Champion Scandinavian 740A en tilboðsverð Orku hf. vegna þeirrar tegundar veghefla var verulega hærra en tilboð Jöfurs hf. Kaupákvörðun var tilkynnt umbjóðanda mínum hinn 14. september 1994 og með bréfi dagsettu 15. september sama ár kom tilkynning frá Ríkiskaupum þar sem ákvörðunin var kynnt Jöfri hf. og hún rökstudd.

Jöfur hf. gerði athugasemdir við niðurstöðu ríkiskaupa með bréfi 20. september 1994, móttekið af Ríkiskaupum sama dag. Var krafist endur-ákvörðunar á grundvelli rökstuðnings í bréfinu, þá var óskað eftir upplýsingum um kæruleiðir. Svarbréf Ríkiskaupa er dagsett 29. september 1994. Kröfu Jöfurs hf. um endurskoðun og upplýsingar um kæruleiðir var ekki svarað í bréfi þessu. Síðar kom í ljós að sama dag og svarbréf Ríkiskaupa var ritað eða hinn 29. september 1994 var boði Orku hf. fyrst formlega tekið. Efnislega fjölluðu athugasemdir Jöfurs hf. í bréfi 20. september 1994 um mótmæli fyrirtækisins við rökstuðningi Ríkiskaupa í bréfi frá 15. september 1994 fyrir meintri kaupákvörðun og að um hagstæðustu kaupin hafi verið að ræða. Athugasemdir eru meðal annars gerðar við áætlun Ríkiskaupa í töflu merktri nr. 1 sem fylgiskjal með bréfi dagsettu 15. september 1994, um árskostnað veghefla byggðri á áætluðu viðhaldi, áætluðum rekstrarkostnaði, afskriftum og fjármagnskostnaði. Gerð er athugasemd við samanburð Ríkiskaupa á vegheflum miðað við lágmarks útfærslu og talið að ranglega sé farið með verð á viðbótarbúnaði FIAT HITACHI veghefla. Þannig verði allur samanburður við Champion veghefla óhagstæðari fyrir Jöfur hf., þá er því mótmælt að Ríkiskaup álykti að varahlutaverð í FIAT-HITACHI sé verulega mikið hærra en í Champion veghefla, en Jöfur hf. hafi í tilboði sínu sagst mundu tryggja hagstæðasta verð með kaupum beint frá framleiðanda á tilteknum dýrum varahlutum. Hér er rétt að benda á að starfsmenn Ríkiskaupa höfðu sjálfir fyllt inn áætlað verð á varahlutum skv. liðum 1, 2 og 20 í tilboði Jöfurs hf. og sagt það vera

skv. „próforma“ reikningi sem borist hafi eftir opnun tilboða. Þessa aðferð við að reikna út varahlutaverð hefur Jöfur hf. aldrei samþykkt. Þá var í bréfi Jöfurs hf. mótmælt þeirri fullyrðingu Ríkiskaupa að óhagræði fælist í að bæta við nýrri tegund veghefla, bent var á að ýmsir rekstrarhlutir í FIAT-HITACHI veghefla væru sömu gerðar og í Champion vegheflum.

Í útboði nr. 10092 buðu Ríkiskaup út veghefla eins og að framan greinir, í lið 1.10 í útboðsgögnum er lögum skv. getið atriða er áhrif hafi á val samningsaðila. Eru þar talin upp tæmandi atriðin í þessari röð: verð, þjónusta og tæknilegir möguleikar, afgreiðslutími og loks greiðsluskilmálar. Taka skyldi hagstæðasta tilboðinu. Jöfur hf. hefur bréflega gert rökstudda grein fyrir því að fyrirtækið hafi haft hagstæðasta tilboðið miðað við útboðsgögn. Jöfur hf. hefur ekki samþykkt aðferðir Ríkiskaupa við að áætla verð dýrra varahluta sem fyrirtækið hafði skuldbundið sig til að tryggja hagstæðasta verð á með kaupum beint frá framleiðanda. Ríkiskaup hafði ekki samþykkt tilboð neins af bjóðendum í skilningi 19. gr. laga um framkvæmd útboða nr. 65/1993, er það móttók bréf Jöfurs hf. hinn 20. september 1994. Tilboði annars bjóðanda var ekki formlega tekið fyrir en níu dögum eftir að Ríkiskaup höfðu móttækið athugasemdir Jöfurs hf. Ríkiskaup áttu því kost á því að leita leiðréttinga varðandi útreikning á varahlutaverði eða byrja útboðsmeðferð að nýju og lagfæra útboðsgögn þannig að þau stæðust lög.“

2.

Í umsögn Ríkiskaupa frá 7. júlí 1995 segir: „Með bréfi dags. 9. maí sl. kærir Jöfur H/F framkvæmd ofangreinds útboðs Ríkiskaupa og eru tilgreind nokkur atriði. M.a. tilkynning kaupákvörðunar, en Ríkiskaup tilkynnti öllum bjóðendum skriflega niðurstöður útboðsins dags. 14. sept. 1994. Bjóðendum var síðan sendur rökstuðningur fyrir ákvörðun um kaupin dags. 15. sept. 1994. Vætanlegum seljanda var tilkynnt símleiðis niðurstaðan 14. sept. '94 og skrifleg pöntun var síðan send 29. sept. '94. Með tilkynningu símleiðis telst vera komin á bindandi kaupsamningur milli aðila, en nánari skrifleg útfærsla kaupanna fór fram 29. sept. '94.“

Í umsögn Ríkiskaupa kemur einnig fram að með greinargerð, dags. 15. september 1994, hafi með nákvæmum hætti verið gerð grein fyrir niðurstöðu útboðsins og þeim rökum sem lágu að baki niðurstöðunni. Síðan segir: „Eins og áður er getið þá er kominn á bindandi samningur 14. sept. s.á. með tilkynningu til Orku h/f., þrátt fyrir að um tilkynningu símleiðis sé að ræða sem fylgt er eftir með nákvæmri skriflegri pöntun dags. 29. sept. s.á. Niðurstöður útboðsins eru ítarlega tilgreindar í rökstuðningi Ríkiskaupa dags. 15. sept. s.á. og svarbréfi Jöfurs 29. sept. s.á. Rökstuðningurinn er

byggður á útboðslýsingu og tilboðum bjóðenda. Varðandi ákvörðun á verði hluta sem ekki var getið í tilboði Jöfurs þá varð að byggja á fyrirliggjandi upplýsingum framleiðanda samkv. Pro-forma reikningi því ekki er hægt að gefa einum bjóðanda kost á að koma með hluta einingaverða eftir opnun tilboða. Af öllu framangreindu má vera ljóst að við útboðið, meðferð tilboða og ákvörðun niðurstöðu var farið eftir öllum þeim reglum sem gilda um opinber innkaup, framkvæmd útboða og samkeppni.“

3.

Í athugasemdum lögmanns Jöfurs hf. við umsögn Ríkiskaupa er þeirri fullyrðingu stofnunarinnar mótmælt að bindandi samningur um kaup á umræddum vegheflum hafi komist á með tilkynningu símleiðis til Orku hf. Er því haldið fram, m.a. með vísan til laga nr. 65/1993 um framkvæmd útboða, að samningur geti einungis komist á með skriflegu samþykki tilboðs. Af hálfu Jöfurs hf. eru einnig gerðar athugasemdir við meðferð Ríkiskaupa á „pro forma“ reikningi þar sem tilgreint er verð á varahlutum í veghefla þá sem félagið hafi boðið til sölu. Þetta hafi verið gert án samþykkis félagsins og verðáætlun hafi verið óeðlilega há þar sem ekki hafi verið tekið tillit til magnafsláttar og afsláttar sem umboðsmenn njóta.

4.

Jöfur hf. krefst þess að Samkeppnisráð láti ofangreint mál til sín taka og lýsi fyrrgreindan samning ógildan skv. 49. gr. samkeppnislaga eða beiti viðurlögum skv. 13. kafla laganna. Ennfremur er þess krafist að ráðið „beiti úrræðum, sbr. ákvæði um hlutverk ráðsins í 5. gr. laga nr. 8/1993, einkum b- og d-liðum þeirrar greinar. Er farið fram á að Samkeppnisráð gefi álit á þeirri útboðsframkvæmd og málsmeðferð sem viðhöfð var...“

III.

Niðurstöður

1.

Af gögnum málsins má ráða að Jöfur hf. telur að framkvæmd Ríkiskaupa á útboði nr. 10092 hafi falið í sér brot á lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993, lögum um opinber innkaup nr. 52/1987 og reglum um innkaup ríkisins, sem stjórn opinberra innkaupa gaf út árið 1993. Einnig hafi framkvæmd útboðsins brotið gegn réttarreglum sem gilda um útboð á EES-svæðinu. Þá er því haldið fram að umrædd útboðsmeðferð hafi „brotið í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi“ og að Ríkiskaup hafi

„veitt mjög villandi upplýsingar í útboðsgögnum sínum“ sem brjóti í bága við samkeppnislög. Lögmaður Jöfurs hf. skírskotar ekki til tiltekinna ákvæða samkeppnislaga varðandi meint brot Ríkiskaupa á nefndum lögum en telja verður að hér sé aðallega verið að vísa til þess að um brot á 20. gr. samkeppnislaga hafi verið að ræða en sú grein hljóðar svo:

„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað sem er óhæfilegt gagnvart hagsmunum neytenda.“

Það er mat Samkeppnisráðs að nauðsynlegt sé í máli þessu að taka til athugunar hvort athæfi opinbers aðila, Ríkiskaupa, sem talið er fela í sér brot á lögum og reglum sem um opinber útboð gilda geti jafnframt falið í sér brot á 20. gr. samkeppnislaga. Áður en efni þetta er tekið til frekari umfjöllunar þykir rétt að reifa stuttlega þær reglur sem gilda um opinber innkaup og framkvæmd útboða.

2.

Í 1. gr. laga nr. 52/1987 um opinber innkaup kemur fram að tilgangur laganna er að tryggja hagkvæmni í rekstri ríkisins að því er varðar kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og framkvæmda. Opinber innkaup heyra undir fjármála-ráðuneytið. Samkvæmt 2. gr. skal yfirstjórn opinberra innkaupa vera falin sérstakri stjórn sem skipuð er þremur mönnum. Í 17. gr. reglugerðar um opinber innkaup og starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins (Ríkiskaupa), sem sett er skv. heimild í lögum nr. 52/1987, kemur fram að nefnd stjórn er ráðgefandi um undirbúning útboða á vegum Innkaupastofnunar ríkisins og eru útboðslýsingar háðar samþykki hennar. Henni er einnig ætlað að fylgjast með framkvæmd útboða.

Innkaupastofnun ríkisins er falið það hlutverk skv. lögum nr. 52/1987 að annast innkaup á vörum og þjónustu fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki og skv. 6. gr. skal fylgt þeirri meginreglu: „...að bjóða út kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og fjárfestingar. Skal tilboða leitað með hæfilegum fyrirvara. Jafnan skal tekið því boði sem hagkvæmast er miðað við verð, vörugæði, afgreiðslu og aðra skilmála. Skylt er að veita tilbjóðendum upplýsingar um hvaða tilboði er tekið og hvers vegna.“

Ákvæði 9.–14. gr. laganna gilda einungis um útboð og innkaup á Evrópska efnhagssvæðinu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna. Samkvæmt 9. og 10. gr. laganna er skylt að bjóða út innkaup stofnana og fyrirtækja ríkisins þegar verðmæti vöru nemur þeim

fjárhæðum sem tilgreindar eru í 10. gr. Útboðið sem þetta mál fjallar um var boðið út á EES-svæðinu.

Í 13. gr. laganna kemur fram að telji bjóðandi að stjórnvöld hafi við framkvæmd útboðs eða gerð samninga um innkaup brotið ákvæði laganna þá er honum heimilt að senda skriflega og rökstudda kæru til fjármálaráðuneytisins. Í 14. gr. segir m.a. að um meðferð kæru, úrræði og bótaskyldu fari skv. 26.– 31. gr. laga nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 63/1970 getur fjármálaráðuneytið, eftir að hafa fengið kæru til meðferðar, gripið til tiltekinna aðgerða fram að þeim tíma er tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt. Fjármálaráðuneytinu er þannig heimilt að stöðva útboð um stundarsakir eða breyta ákvörðun verkkaupa. Sætti kærandi sig ekki við ákvörðun fjármálaráðuneytisins getur hann borið ákvörðun verkkaupa í sambandi við framkvæmd útboðs eða gerð verksamnings undir dómstóla, sbr. þó 29. gr.

Í 29. gr. laganna er mælt svo fyrir að ákvörðun verkkaupa í sambandi við framkvæmd útboðs eða gerð verksamnings verði ekki breytt eftir að tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt. Einnig kemur fram að ákvörðun verði ekki kærð til fjármálaráðuneytisins eftir að tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt. Í 27. gr. er fjallað um bótaskyldu verkkaupa og þess getið að bótafjárhæð skuli miðast við kostnað við að undirbúa tilboð og taka þátt í útboði.

Um framkvæmd útboða almennt gilda lög nr. 65/1993. Svo fremi sem sérákvæði í þeim lögum sem Ríkiskaup starfa eftir mæla ekki fyrir um annað verður að telja að starfsmönnum Ríkiskaupa sé skylt að fara eftir ákvæðum laga nr. 65/1993 við framkvæmd útboða. Skv. 1. gr. laganna eiga þau við þegar útboði er beitt til þess að koma á viðskiptum milli tveggja eða fleiri aðila um verk, vöru eða þjónustu. Löggin taka hins vegar ekki til útboða á fjármagns- eða verðbréfamarkaði.

Í lögum nr. 65/1993 koma fram reglur um hvernig beri að auglýsa tilboð og mælt er fyrir um hvernig staðið skuli að opnun tilboða. Sett eru ákvæði um frest til þess að taka tilboði og tilgreint með hvaða hætti val og höfnun á tilboði skuli fara fram. Í 20. gr. laganna segir: „*Brot á lögum þessum leiðir til bótaábyrgðar samkvæmt almennum reglum, jafnframt því sem útboðið er í heild sinni lýst ógilt. Bótafjárhæð skal miðast við kostnað við að undirbúa tilboð og að taka þátt í útboði.*“

Þann 1. september 1993 gaf stjórn opinberra innkaupa út reglur um innkaup ríkisins. Í formála kemur fram að reglunum sé ætlað að styðja við ákvæði laga og markmið stjórnvalda um útboð. Reglum þessum er jafnframt ætlað að skýra samskipti og skapa traust á milli kaupenda og seljenda. Ekki er ástæða til þess að reifa efni þessara reglna.

Ekki er talið nauðsynlegt í máli þessu að líta til gerða sem gilda um opinber útboð á EES-svæðinu.

3.

Þegar ofangreindar reglur og mál þetta eru að öðru leyti virt má draga eftirfarandi ályktanir. Með lögum um opinber innkaup hefur löggjafinn sett fram þá meginreglu að bjóða skuli út kaup á þeim vörum og þeirri þjónustu sem ríkið og stofnanir þess þarfnast til rekstrar og framkvæmda. Almennt má segja að þessi stefna löggjafans falli vel að markmiðum samkeppnislaga þar sem hún hlýtur að efla virka samkeppni í viðskiptum og auðvelda aðgang nýrra keppnauta að markaðnum.

Sérstakri ríkisstofnun, Ríkiskaupum, er ætlað að annast framkvæmd útboða af hálfu ríkisins. Í lögum um opinber innkaup, lögum um skipan opinberra framkvæmda og lögum um framkvæmd útboða koma fram reglur sem Ríkiskaupum ber að fara eftir við framkvæmd útboða. Sérstakri stjórn er, auk fjármálaráðherra, ætlað að sjá til þess að Ríkiskaup starfi eftir gildandi lögum. Telji tiltekinn bjóðandi sig vera misrétti beittan eru honum tæk viss réttarræði sem mælt er fyrir um í nefndum lögum.

Í stuttu máli má því segja að löggjafinn hafi sett fram og skilgreint að stórum hluta þær viðskiptaðferðir sem gilda um innkaup ríkisins á vörum eða þjónustu.

Samkvæmt 20. gr. samkeppnislaga er óheimilt að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi. Til að skýra hvað felst í hugtakinu góðir viðskiptahættir í skilningi laganna verður að líta til lögskýringagagna. Í athugasemdum við 20. gr. segir m.a.: „*Mat á því hvað telja beri góða viðskiptahætti ræðst af atvikum á þeim stað og tíma sem verknaður er unnin á. Ekki er nægilegt að kanna hvað teljist góðir viðskiptahættir að áliti góðra og grandvarra manna í þeirri grein atvinnulífsins sem um er að tefla hverju sinni. Það er einmitt eitt mikilvægasta hlutverk samkeppnisráðs, jafnt og dómstóla, að leggja á það sjálfstætt mat hvaða viðskiptahætti beri að viðurkenna og hverja ekki.*“

Ennfremur segir í athugasemdunum: „*Þess ber að geta, og athuga sérstaklega, að athöfn sem brýtur í bága við siðareglur á borð við þær sem fjallað er um í grein*

Þessari á ekki út af fyrir sig að geta leitt til viðurlaga, hvort heldur einkaréttarlega né refsiréttarlega, heldur aðeins til þess að bann verði lagt við því að henni verði haldið áfram eða hún endurtekin.“

Með hliðsjón af ofangreindum skýringum er ljóst að ekki verður gefin almenn skilgreining á því hvað felst í góðum viðskiptaháttum. Það er hins vegar hlutverk samkeppnisyfirvalda að meta það í hverju tilviki fyrir sig hvort tiltekin aðgerð fyrirtækis feli í sér óréttmæta viðskiptahætti eður ei.

Í þeim tilvikum þar sem löggjafinn hefur sett fram reglur um með hvaða hætti tiltekin viðskipti skuli fara fram er það eðli málsins samkvæmt ekki á færi samkeppnisyfirvalda á grundvelli 20. gr. samkeppnislaga að meta hvort þá viðskiptahætti beri að viðurkenna. Á hinn bóginn væru samkeppnisyfirvöld bær á grundvelli 19. gr. greindra laga að gefa álit á því hvort slíkar reglur eru andstæðar markmiðum samkeppnislaga. Í ljósi þessa má draga þá ályktun að 20. gr. samkeppnislaga sé ekki ætlað að ná til þeirra tilvika þar sem verknaður fyrirtækis kann að fela í sér brot á öðrum lögum. Úrlausn slíkra mála heyrir undir önnur stjórnvöld og dómstóla. Með öðrum orðum má því segja að á grundvelli 20. gr. samkeppnislaga geti samkeppnisyfirvöld metið hvort tilteknar aðgerðir sem fyrirtæki grípa til í sinni daglegu starfsemi, án fyrirmæla í lögum, séu réttmætar eða eðlilegar í viðskiptasiðferðilegu tilliti.

Eins og áður hefur komið fram bera gögn þessa máls með sér að deilt sé um hvort framkvæmd Ríkiskaupa á útboði nr. 10092 hafi falið í sér brot á lögum og reglum sem gilda um opinber innkaup og útboð. Lögð var fram í þessu máli kvörtun lögmanns Jöfurs hf. til umboðsmanns Alþingis, dags. 22. mars 1995. Þar er hinum meintu brotum Ríkiskaupa lýst með eftirfarandi hætti:

- „1. Val á tilboði ekki á grundvelli útboðsskilmála.*
- 2. Höfnun á tilboði ekki tilkynnt bjóðanda innan frests.*
- 3. Tilboð samþykkt eftir frest þrátt fyrir að rökstudd mótmæli hefðu borist um meðferð útboðsmálsins.*
- 4. Neitun Fjármálaráðuneytisins á að fjalla efnislega um útboðsmeðferðina.“*

Í ljósi þessa alls er það mat Samkeppnisráðs að tilvik það sem mál þetta fjallar um verði ekki tekið til athugunar á grundvelli 20. gr. samkeppnislaga þar sem það tekur til þess hvort opinber aðili hafi í starfsemi sinni farið eftir þeim lögum og reglum sem honum ber að hlíta. Úrskurðarvald um slík meint lagabrot heyrir undir önnur stjórnvöld og dómstóla. Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu Jöfurs hf. að Ríkiskaup hafi, auk meintra brota á lögum og reglum um opinber innkaup og útboð, hafst eitthvað það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti. Í því sambandi má ljóst vera skv. framansögðu að verknaður sem talinn er fela í sér brot á tilteknum lögum verður ekki jafnframt heimfærður undir 20. gr. samkeppnislaga þar sem þeirri grein er einungis ætlað að taka til þeirra aðgerða einka- eða opinberra aðila í atvinnustarfsemi sem fela í sér brot á siðareglum. Sökum þessa er ekki ástæða til íhlutunar Samkeppnisráðs á grundvelli 20. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Máli þessu er vísað frá Samkeppnisráði.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 25/1995](#)]